

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. júní 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-1/2013:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kostnaðar við viðgerðir á fjórhjóli, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerða á fjórhjólinu.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 8. apríl sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 11. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 16. september 2010 keypti álitsbeiðandi nýtt fjórhjól af gerðinni Hisun HS700ATV af seljanda. Var kaupverð kr. 1.249.000. Segir álitsbeiðandi að hjólið hafi bilað óeðlilega oft frá því kaup fóru fram, kúpling í vél hjólsins hafi gefið sig mjög snemma og að vél þess hafi brennt mikilli olíu.

Nú síðast, þ.e. í maí 2012, hafi startari hjólsins bilað og hafi hjólið setið á verkstæði seljanda í þrjá mánuði á meðan beðið var eftir varahlutum. Á sama tíma var olíubruni í vél kannaður, en fyrir viðgerðina greiddi álitsbeiðandi um kr. 300.000 og kveðst hann ósáttur við þá niðurstöðu, enda hafi hjólið átt að vera í ábyrgð þegar viðgerðin var framkvæmd. Álitsbeiðandi krefst þess að fá allan viðgerðarkostnað endurgreiddan. Meðfylgjandi álitsbeiðni er að finna kvittanir fyrir greiðslu viðgerðarkostnaðar, önnur dags. 19. mars 2012, vegna viðgerða á m.a. kúplingu, samtals að upphæð kr. 85.162, hin dags. 20. desember sl., vegna viðgerða á olíuleka, samtals að upphæð kr. 231.342.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda, rituðum af rekstrarstjóra verslana og rekstrarstjóra verkstæðis seljanda, kemur fram að álitsbeiðandi hafi komið með fjórhjól sitt til viðgerðar hjá seljanda hinn 6. júní 2012. Hjólinu hafi þá verið ekið 1608km skv. mæli, en í raun 2400km þar sem skipt hafi verið um mælaborð. Lýsing bilunar var að hjólið brenndi enn mikilli olíu.

Við skoðun seljanda hafi komið í ljós að fyrri skemmd á kúplingu hafði framkallað það mikið svarf að fleiri hlutir voru orðnir skemmdir í mótör hjólsins. Álitsbeiðanda var gerð grein fyrir því að þetta væri afleiðing af skemmdum sem höfðu orsakast af aksturslagi hans og gaf álitsbeiðandi leyfi fyrir því að viðgerði yrði framkvæmd, vitandi vits að kostnaður vegna hennar myndi falla á hann sjálfan. Þegar álitsbeiðandi kom að sækja hjólið að viðgerð lokinni hafi hann verið mjög ósáttur við að kostnaðurinn við viðgerðina myndi falla á hann. Var því gerð sátt um að álitsbeiðandi fengi 50% afslátt af varahlutum, 15% afslátt af vinnu og 25% afslátt af vélarolíu. Umræddur afsláttur komi ekki fram á þeim kvittunum og nótum sem liggja fyrir í göngum málsins. Telur seljandi að það samkomulag sem gert var við álitsbeiðanda gangi jafn langt og seljandi telji sér fært að ganga í málinu.

Að mati seljanda tók viðgerð á hjólinu ekki óhóflegan tíma þegar litið er til þess að panta þurfti varahluti í hjólið erlendis frá. Þá hafi viðgerð tafist þar sem illa gekk að ná sambandi við álitsbeiðanda til að fá hann til að samþykkja viðgerðir. Þá hafi hjólið staðið tilbúið í nokkurn tíma áður en í álitsbeiðanda náðist til að tilkynna honum að hann gæti sótt hjólið.

Hámiðjukúpling hjólsins var orðið mikið slitin, svo mikið að hún hafði skemmt kúplingsskál. Ástæðan fyrir slíkum skemmdum er, að mati seljanda, aksturslag álitsbeiðanda, en skemmdin komi til þegar hjólinu er ekið hægt í háu drifi. Við slíkan akstur nær hámiðjukúpling ekki nægum hraða til að læsa sér og slípar því kúplingsskál og kúplingsklossa þannig að báðir hlutir slitna hratt, en við slíka meðferð getur framkallast mikið málmsvarf sem getur skemmt aðra íhluti vélar mjög hratt. Samkvæmt þjónustusögu hjólsins hafi það fyrst komið til athugunar á verkstæði seljanda hinn 4. mars 2011, þá ekið 800 km. Við þá skoðun voru bremsur lagfærðar að framan og skipt um öxulhosur. Hjólið hafði á þessum tímapunkti ekki áður komið í þjónustuskoðun og ekki fengið skipti á olíu, en samkvæmt eigendahandbók og skilyrðum um ábyrgð frá framleiðanda eiga Hisun hjól að koma í smurþjónustu eftir 320 km akstur og síðan aftur eftir 1200 km akstur. Hjólið kom ekki í smurþjónustu fyrir en því hafði verið ekið 1800 km hinn 30. september 2011. Á þeim tímapunkti hefði hjólið átt að hafa fengið smurþjónustu a.m.k. tvisvar sinnum. Skortur á olíuskriptum getur hraðað skemmdum líkt og áður er lýst.

Seljandi rekur því næst þjónustusögu hjólsins. Þar kemur fram að hinn 4. mars 2011 þegar hjólið var ekið 800 km var skipt um öxulhosu og greiddi álitsbeiðandi fyrir viðgerð á henni en seljandi greiddi fyrir hosuklemmur og bremsudælu. Hinn 12. apríl 2011 var skipt um mælaborð, en hjólið var þá ekið 1016 km. Fyrir þá viðgerð greiddi seljandi. Hinn 29. september 2011 var gerð athugun á bremsum og dráttarspili og greiddi seljandi fyrir þá athugun. Hjólið var þá ekið 803 km skv. mæli, þ.e. í raun rúma 1800 km. Á sama tíma var framkvæmd fyrsta smurþjónusta hjólsins en fyrir hana greiddi seljandi. Hinn 6. janúar 2012 var skipt um startara á kostnað seljanda. Mælir hjólsins sýndi þá 1020 km. Hinn 19. mars 2012 brenndi mótór hjólsins olíu. Skipt var um hámiðjukúplingu. Álitsbeiðandi greiddi hluta af viðgerðarkostnaði. Hjólið var þá ekið 1218 km skv. mæli. Hinn 12. desember brenndi mótór hjólsins enn olíu og var gert við hann. Álitsbeiðandi greiddi helming kostnaðar vegna varahluta og fékk afslátt af vinnulið og olíu.

Seljandi telur ljóst af framangreindu að hann hafi komið ríflega til móts við álitsbeiðanda þrátt fyrir skort á þjónustu sem ökutækið þarf og notkunarmynstur álitsbeiðanda sem hafi valdið mótorskemmdum. Því hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda alfarið.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi fjórhjólið xx-000 nýtt af seljanda hinn 16. september 2010 fyrir kr. 1.249.000. Þó nokkrar viðgerðir hafa verið framkvæmdar á fjórhjólinu frá því kaup fóru fram, svo sem rakið er í andsvörum seljanda. Álitsbeiðandi gerir hins vegar einungis athugasemdir við síðustu tvær viðgerðir á hjólinu, en þær fóru fram á öðrum ársfjórðungi ársins 2012, þ.e. um einu og hálfu ári eftir að kaup fóru fram, og í desember 2012, þ.e. rúmum tveimur árum eftir að kaup fóru fram. Í fyrri viðgerðinni var skipt

um hámiðjukúplingu í mótör fjórhjólans og í þeirri síðari var gert við olúeyðslu í mótör fjórhjólans. Álitsbeiðandi mun hafa fengið nokkurn afslátt af téðum viðgerðum, en þó greitt samtals kr. 316.504 vegna þeirra. Hefur álitsbeiðandi gert þá kröfu að seljandi endurgreiði honum þann kostnað, en því hefur seljandi hafnað á grundvelli þess að ástand hjólans verði í fyrsta lagi rakið til meðferðar álitsbeiðanda á hjólinu við akstur og til þess að hjólið hafi ekki fengið reglulega smurþjónustu.

Samkvæmt því sem fram kemur í andsvörum seljanda kvartaði álitsbeiðandi undan því að mótör fjórhjólans brenndi olú þegar hann kom með það til viðgerðar til seljanda hinn 19. mars 2012, þ.e. um 18 mánuðum frá því kaup fóru fram. Í viðgerð sem fram fór í kjölfarið var skipt um kúplingu í mótör fjórhjólans en ekki gerðar ráðstafanir vegna olúeyðslu. Viðgerð vegna olúeyðslunnar var ekki framkvæmd fyrr enn í desember s.á. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er að finna ákvæði um frest neytanda til að bera fyrir sig galla. Þar segir í 2. mgr. að ef neytandi leggi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Að mati kærunevndarinnar kvartaði því álitsbeiðandi undan þeim bilunum, eða eftir atvikum göllum, á hjólinu sem þetta mál tekur til, innan tveggja ára tímafrests 2. mgr. 27. gr. laganna, þrátt fyrir að viðgerð á olúeyðslu hafi ekki farið fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Er því ekki þörf á að skoða sérstaklega hvort fimm ára kvörtunarfrestur 2. másl. sömu greinar geti átt við.

Í 16. gr. laga nr. 48/2003 segir m.a.:

„Söluhlutur telst vera gallaður ef:

- a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin; [...]"

Í a.-lið 1. mgr. 16. gr. er vísað til 15. gr. sömu laga, en þar segir m.a. í 2. mgr.:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað; [...]"

Fjórhjól eru almennt notuð til utanvegaaksturs en því fylgir akstur við torfærar aðstæður sem aftur hafa í för með sér nokkuð álag á hina ýmsu íhluti slíkra hjóla, allt eftir því hvar og hve mikið þau eru notuð. Þegar álitsbeiðandi hafði átt hjólið í um 18 mánuði og ekið því rúma 2.200 km þurfti, sem fyrr er rakið, að skipta um kúplingu, auk þess sem á síðari stigum þurfti að framkvæma viðgerð vegna olúleka í mótör hjólans. Að mati kærunevndarinnar má vissulega fallast á þær röksemdir seljanda að ástand hjólans verði rakið til notkunar álitsbeiðanda á því, í erfiðri færð, utan vega. Almennt séð getur eigin sök neytanda á galla söluhlutar útilokað möguleika hans á að beita vanefndarúræðum gagnvart seljanda sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna. Að mati kærunevndarinnar verður ekki annað séð að röksemdir seljanda nái þannig til þess að skipta þurfti um kúplingu á hjólinu. Hins vegar getur kærunevndin ekki fallist á það með seljanda að notkun álitsbeiðanda á hjólinu hafi verið með það óeðlilegum hætti að það útskýri þann leka sem upp kom í mótör hjólans. Breytir þar þá engu að álitsbeiðandi hafi ekki fylgt út í ystu æsar leiðbeiningum seljanda hvað varðar smurþjónustu við hjólið enda er það mat kærunevndarinnar að ástandið á mótörnum verði ekki

rakið til þessa. Er það því mat kærufndarinnar að fjórhjól álitsbeiðanda, hvað varðar olíuleka í mótör, hafi verið haldið galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup, skv. a-lið 1. mgr. 16. gr. sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. laganna.

Í VI. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um úrræði neytenda vegna galla á söluhlut. Þar segir í 1.m gr. 26. gr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi hefur farið fram á að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerða á umræddu hjóli skv. tveimur framlögðum reikningum. Að mati kærufndarinnar verður að líta á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laganna. Síðari reikningur seljanda, dags. 20. desember sl., að fjárhæð kr. 231.342, var vegna viðgerðar á mótör fjórhjólans og hefur kærufndin fallist á að seljandi beri ábyrgð á kostnaði vegna þeirrar viðgerðar. Ber seljanda þannig að greiða álitsbeiðanda kr. 231.342.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 231.342.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir